



Efni: Umsögn um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann.

Mál nr. 122/2022. Birt í samráðsgátt stjórnvalda 13.07.2022.

Með vísan til lögbundins hlutverks Bygðastofnunar um eflingu byggðar, atvinnulífs og jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu gerir stjórn stofnunarinnar eftirfarandi athugasemdir við þau áform sem koma fram í fyrirleggjandi frumvarpi sem nú eru til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda, um niðurlagningu átta af níu sýslumannsembættum:

1. Um er að ræða stóra kerfisbreytingu með gagngerri endurskoðun skipulags, sem framselur vald úr héraðsbundnum stjórnarsýslueiningum sýslumanna inn í miðstýrða einingu. Ekki verður séð með augljósum hætti að nauðsyn sé á þessum miklu stjórnarsýslubreytingum til að ná kynntum markmiðum um bættu þjónustu og fjölgun verkefna í landsbyggðunum.
2. Stjórn lýsir ánægju sinni með þau skýru áform að fjölga opinberum verkefnum í landsbyggðunum eins og fram kemur í frumvarpinu þar sem vísað er til möguleika á eflingu starfsemi með nýjum verkefnum í starfsstöðvum um landið. Þar er hins vegar ekki skilgreint hvaða verkefni er um að ræða eða að þeim hafi verið fundinn staður. Þá er ekki heldur sýnt fram á að áformum um slíkan tilflutning verkefna til eflingar starfsemi í landsbyggðunum verði ekki við komið í núverandi stjórnskipulagi héraðsbundinna sýslumanna. Þau verkefni sem hafa verið flutt til sýslumannsembætta hafa verið vel leyst innan núverandi fyrirkomulags.
3. Þótt stjórn telji það jákvæða stefnu sem fram kemur í frumvarpinu að umrætt embætti yrði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins þykir ástæða til að benda á mikilvægi þess að halda forræði og yfirstjórn verkefna opinberrar stjórnarsýslu í byggðum landsins. Lögð er áhersla á mikilvægi slíks forræðis þegar því verður við komið og ekki er ljóslega þörf á annarri tilhögun til að stuðla að sambærilegu þjónustustigi og sem jöfnustum tækifærum allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Stjórn telur mikilvægt að halda verðmætum og eftirsóttum stjórnunarstörfum í stjórnarsýslu



ríkisins dreifðum um byggðir landsins og telur að hægt sé að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu um að bæta þjónustuna og gera hana enn skilvirkari innan núverandi stjórnsýslufyrirkomulags, ekki síður en fyrirhugað er með miðstýrðari einingu.

4. Stjórnin telur ástæðu til að minna á að bæði í þjónustulegu og byggðalegu tilliti gæti tortryggni gagnvart samþjöppun starfseininga og vel meintra yfirlýsinga um að tryggja tilvist þjónustueininga og nýta betur afl starfsmanna til aukinnar þjónustu. Við undirbúning laga nr. 50/2014 þar sem sýslumönnum var fækkað úr 24 í 9 voru gefin fyrirheit í þá veru en efndir fóru ekki að öllu leyti eftir. Það eru því skiljanlegar áhyggjur af því að „útibúum“ verði lokað og eftir standi miðstýrð, fjarlæg kerfiseining þar sem íbúar í hinum dreifðu byggðum þurfa að sækja lengra og eftir flóknari leiðum, oft í sínum mestu lífskrísum.
5. Af gildandi lögum um sýslumenn og fyrirliggjandi frumvarpi um sýslumann að dæma er ljóst að stór hluti verkefna sýslumanna er svæðistengdur, t.a.m. almennt fyrirsvar ríkisins um opinbera þjónustu í landsbyggðunum, samráð við sveitarfélög, efling opinberrar þjónustu á svæðisvísu o.fl. Í þessu samhengi má benda á þá almennu þróun sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir á síðustu árum í þessum efnum. Annars vegar með viðleitni til að færa heilar stofnanir eða stjórnunareiningar þeirra út í byggðir landsins. Hins vegar með færslu ýmissa verkefna frá ríkinu til sveitarfélaga um landið. Þó ekki tengist sveitarfélögin þessum fyrirætlunum nú má hafa hliðsjón af þessu þar sem slíkar tilfærslur verkefna hafa gjarnan byggt á einmitt því að vænlegt sé til árangurs fyrir íbúa í byggðum landsins að færa viðfangsefni svæðisbundinnar almannþjónustu frá stórum miðstýrðum einingum til minni eininga sem stýrt er í héraði og starfa nær íbúum/notendum.
6. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerð A.8. *Stjórnsýslustöðvar ríkis í héraði* er lögð áhersla á að opinber þjónusta í héraði verði eflað, atvinnutækifærum fjölgað og ríkisrekstur bættur. Í verkefnislýsingu kemur fram að starfsemi sýslumannsembætta um land allt og opinber þjónusta í héraði



verði eflað með betri nýtingu innviða, þ.m.t. stafrænnar tækni, húsnæðis og mannauðs.

Í ljósi þessa telur stjórn Bygðastofnunar það álitafni hvort frumvarp dómsmálaráðherra nr. 122/2022 samræmist markmiðum þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036 sem samþykkt var á Alþingi 15. júní síðastliðinn.

Samþykkt á fundi stjórnar Bygðastofnunar 28. júlí 2022.

F.h. Bygðastofnunar

Arnar Már Elíasson, settur forstjóri